

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



Dags eftirlits	23.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504438,502 628597,321

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu er varða að áætlun vegna hreinsunar jarðvegs vantar, eftirliti með olíuskilju er ábótavant og hreinsa þarf girðingar og rusl af lóðinni. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Olíubirgðastöð Olíudreifingar á Siglufirði hefur staðið auð síðan í október 2017 og er í lokunarferli.

Geymar, lagnir og hús sem tilheyrðu birgðastöðinni hafa verið fjarlægð.

Rekstraraðili var látinn vita af eftirlitinu en ekki var gerð krafa um að hann yrði viðstaddur eftirlitið þar sem einungis var um vettvangsskoðun vegna lokunar að ræða.

### Boðað umfang eftirlitsins var m.a. eftirfarandi:

- Skoðunarferð vegna lokunar
- Farið yfir breytingar á svæðinu frá síðasta eftirliti
- Skoðun olíuskilju
- Önnur mál

Engin frávík komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar hreinsun olíuskilju. Ekki hefur verið brugðist við þeirri ábendingu og er því sett frávík þar um.

Unnið hefur verið eftir skjali EB 4.2.6.2 úr rekstrarhandbók rekstraraðila, um hreinsun birgðastöðvar við rekstrarstöðvun og var frágangi lokið skv. því þann 25. október 2017. Allir geymar og lagnir hafa verið fjarlægðar af lóðinni utan olíuskilju sem látin er halda sér þar til niðurbroti lýkur. Búið er að haugsetja olíumengaðan jarðveg og er hann í niðurbrotsferli. Ekki var sjáanleg olíumengun á lóðinni og ekki var olíulykt að finna nema úr olíuskilju.

Minnt var á í síðasta eftirliti að vinna þurfi áætlun um frágang birgðastöðvar við niðurrif, skv. skjali nr. VL 4.2.6.4 og skila inn til Umhverfisstofnunar. Sú áætlun hefur ekki borist eftirlitsaðila og er því sett frávík þar um.

Þó stöðin sé ekki í starfsemi þá ber rekstraraðili samt sem áður ábyrgð á því að lóðin sé snyrtileg á að líta og án slysaþætta, þar til henni hefur verið skilað með fullnægjandi hætti. Girðingar lágu víða niðri og af þeim getur verið fok og slysaþætta auk þess að vera lýti fyrir svæðið. Nokkuð var um rusl á lóðinni sem fokið hefur eða verið skilið eftir á lóðinni. Rekstraraðili þarf að huga að tiltekt á lóðinni.

Engar skráningar eru í rekstrarhandbók þar sem stöðin hefur ekki verið starfrækt síðan árið 2017 og ekki gerð krafa þar um.

### Frávík frá

### Lýsing á frávíki

Gr. 1.5 í starfsleyfi

Minnt var á skil á áætlun um hreinsun jarðvegs við síðasta eftirlit árið 2021, skv. VL 4.2.6.4, sú áætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila, einungis EB 4.2.6.2 sem er gátlisti v. hreinsunar birgðastöðvar við rekstrarstöðvun. Áætlun vegna hreinsunar jarðvegs vantar.

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Ábending var sett fram í síðasta eftirliti, árið 2021 er varðar hreinsun á olíuskilju. Olíuskiljan var hreinsuð þegar stöðinni var lokað en fylgjast þarf með skiljunni reglulega þar sem hún stendur óvarin og aðgengileg öllum. Hreinsun skilju hefur ekki farið fram og reglulegt eftirlit er ekki haft með skilju.

Gr. 4.6 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu en girðingar lágu niðri og rusl var á lóðinni og þarf rekstraraðili að huga að tiltekt þar á.



## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Minnt er á að stöðin helst innan eftirlitsáætlanar Umhverfisstofnunar þar til frágangi lóðarinnar er lokið að fullu og eftirlitstíðnin metin skv. áhættumati sbr. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.06.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

